

Sp.

123. Tillaga til þingsályktunar

[114. mál]

um rannsókn á möguleikum á útflutningi á hreinu neyzluvatni.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að rannsókn verði gerð á möguleikum á útflutningi hreins vatns í stórum stíl frá Íslandi. Niðurstöður þessara athugana verði lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má, svo að frumvarp um útflutning á hreinu íslenzku vatni verði samið sem fyrst.

Greinargerð.

Á s. l. ári kom það fram í fréttum, að í Vestur-Þýzkalandi stæðu yfir mjög umfangsmiklar athuganir um öflun vatns. Eftir fréttinni að dæma var um tvo möguleika að ræða, annars vegar að fá vatnið frá Sviss, hins vegar frá Svíþjóð. Hvor leiðin sem farin yrði mundi kosta milljarða með öllum tilheyrandi útbúnaði og lögnum fyrir vatnið. Hér áttu aðeins þrjár stórborgir hlut að máli. Þegar það er haft í huga, má sjá, hversu alvarlegt vandamál öflun á hreinu, ómengdu neyzluvatni er orðin.

Þess eru mýmörg dæmi, hversu erlendir ferðamenn hafa lofað gæði hins íslenska vatns og bergt það í sig með meiri ánægju en ætla mætti í fyrstu. Þetta er þó vel skiljanlegt, þar sem mjög víða er alls ekki um hreint neyzluvatn að ræða lengur í stórborgum heimsins.

Það er því orðið vel tímabært, að skipuleg rannsókn fari fram á möguleikum til töku á góðu vatni í mjög stórum stíl og hversu við hér þurfum að vernda þau svæði, sem til greina koma í þessum efnum, svo að þau verði ekki menguninni að bráð. Fyrir slíkt verður að koma í tæka tíð.

Augljóst er, að til þess að koma á fót útflutningi vatns í tugþúsunda tonna magni þarf að fara fram viðtæk athugun á margvíslegum aðstæðum, og ekki má dragast úr hömlu, að þessi athugun fari fram. Verði niðurstaðan jákvæð varðandi öflun á tæru og hreinu vatni í stórum stíl, þarf að velja þá höfn, sem til greina kemur sem útskipunarstaður. Einnig kann að þurfa að reisa stóra vatnstanka til söfnunar á vatni milli skipaferðanna, og vel þarf að athuga, í hvaða stærð tankskipa er hagkvæmast að flytja vatnið til útlanda.

Nokkur athugun hefur farið fram á útflutningi vatns á flöskum, og þarf að koma til stuðningur hins opinbera við þá viðleitni. Vel er hugsanlegt, að miklir möguleikar séu einnig fólgnir í slíkum útflutningi.

Fyrir rúmlega einu ári var við hátíðlega athöfn undirritaður svokallaður „vatnsamningur“ hjá Evrópuráðinu í Strassborg, og er þar kveðið svo á, að viðkomandi þjóðir leggi sig fram um að halda ám og vötnum eins hreinum og nokkur kostur er. Hins vegar er þetta sívaxandi vandamál, og virðist manni, að miklir möguleikar kunni að vera fólgnir í hinu hreina vatni lands okkar, ef þess er gætt, að mengun spilli því ekki, og kleift er að koma því á erlendan markað án of mikils kostnaðar.